

Umhverfisstofnun Ab. <u>GBI ABG</u>
<u>04. júlí 2014</u> <u>8.11.1</u>
Tilv. <u>US720140500046</u>



Sorpsamlag Þingeyinga ehf.
Pósthólf 151
640 Húsavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 2. júlí 2014
Tilv.: UMH14040109/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 18. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að geta rekið urðunarstaðinn við Kópasker á meðan unnið er að útgáfu nýs starfsleyfis. Í erindinu kemur fram að aðalskipulagi hafi verið breytt, að deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn hafi tekið gildi og að úrskurður Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu liggja fyrir. Jafnframt kemur fram að sótt hafi verið um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 2. maí sl. í samræmi við 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Afrit var sent á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Í bréfi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 21. maí sl. staðfestir stofnunin að Sorpsamlag Þingeyinga ehf. hafi sótt um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Kópasker. Um sé að ræða starfandi urðunarstað í skilningi reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og sótt sé um sömu heimildir til urðunar og veittar voru í fyrra starfsleyfi staðarins. Skipulagsstofnun hafi ákvarðað að landfræðileg stækkun urðunarstaðarins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. ákvörðun dags. 19. desember 2013. Umhverfisstofnun hafi samþykkt starfsleyfisumsókn Sorpsamlags Þingeyinga ehf. og tilkynnt um móttöku hennar, með bréfi dags. 21. maí 2014. Í umsóknina vanti þó fullnægjandi starfsleyfistryggingu, sbr. 17. gr. reglugerðar um urðun úrgangs, og hafi Umhverfisstofnun veitt umsækjanda frest til 21. ágúst 2014 til að standa skil á henni. Umhverfisstofnun telji vinnslu málsins geta hafist hjá stofnuninni þó að tryggingin liggja ekki fyrir að svo stöddu. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Kópasker, á meðan unnið er að útgáfu nýs starfsleyfis, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Umhverfisstofnun telji raunhæft að búast við útgáfu nýs starfsleyfis fyrir lok þessa árs.

Í framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Sorpsamlag Þingeyinga ehf. hafi sótt um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs er varði jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu, söfnun sigvatns og söfnun hauggass, með vísan til 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Með umsókninni hafi fylgt rökstuðningur fyrir því að Kópasker og Raufarhöfn uppfylli skilyrði framangreindrar reglugerðar til að teljast afskekktar byggðir. Umhverfisstofnun hafi metið rökstuðninginn fullnægjandi og geri ráð fyrir að veita umbeðnar undanþágu í nýju starfsleyfi, en um leið verði þjónustusvæði urðunarstaðarins bundið við framangreinda þéttbýlisstaði og dreifbýli í nágrenni þeirra. Stofnunin telji að skilyrði væntanlegrar undanþágu frá starfsleyfi verði að taka mið af þessari niðurstöðu.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr.

a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veiti ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpsamlags Þingeyinga ehf. við Kópasker.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan gildir fyrir úrgang frá Kópaskeri og Raufarhöfn og dreifbýli í nágrenni þeirra.
2. Sorpsamlag Þingeyinga skal uppfylla ákvæði fyrra starfsleyfis urðunarstaðarins sem Hollustuvernd ríkisins gaf út 9. desember 2002.
3. Sorpsamlag Þingeyinga skal uppfylla ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga.
4. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. febrúar 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra